

Staða launafólks á Íslandi

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal
félagsfólks í Sjúkraliðafélagi Íslands*

Mars 2024



Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagsfólks í Sjúkraliðafélagi Íslands.

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Höfundar: Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir.
Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Maya Staub og Sigrún Ólafsdóttir

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-532-34-3

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2024

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð	2
2.1	Fyrirlögn.....	2
2.2	Svarhlutfall.....	2
2.3	Vigtun gagna	2
2.4	Mælingar	4
2.5	Marktæknipróf.....	5
3	Niðurstöður.....	6
3.1	Staða á vinnumarkaði	8
3.2	Fjárhagsstaða sjúkraliða	10
3.2.1	Ná endum saman.....	10
3.2.2	Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum	11
3.2.3	Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári	11
3.2.4	Efnislegur skortur.....	12
3.2.5	Fjárhagsaðstoð	13
3.2.6	Yfirdráttur, smálán, bílalan og önnur skammtímalán	14
3.2.7	Fjárhagslegt sjálfstæði	14
3.2.8	Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn	14
3.2.9	Samantekt - fjárhagsstaða sjúkraliða	17
3.3	Staða sjúkraliða á húsnæðismarkaði	18
3.3.1	Staða á húsnæðismarkaði	18
3.3.2	Gerð húsnæðis.....	18
3.3.3	Stærð húsnæðis	19
3.3.4	Hentugleiki húsnæðis.....	19
3.3.5	Skipt um húsnæði.....	20
3.3.6	Byrði húsnæðiskostnaðar	20
3.3.7	Fjárhagsstaða sjúkraliða eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	21
3.3.8	Samantekt - staða sjúkraliða á húsnæðismarkaði.....	26
3.4	Heilsufar sjúkraliða	27
3.4.1	Líkamlegt heilsufar	27

3.4.2	Andlegt heilsufar.....	27
3.4.3	Heilsufar launafólks – samantekt.....	28
3.5	Mismunun á vinnumarkaði.....	29
	Heimildarskrá	30
	Viðauki I	31

Töfluyfirlit

Tafla 1.	Flokkun aðildarféлага vegna vigtunar gagna.....	3
Tafla 2.	Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.	4
Tafla 3.	Lýðfræðileg samsetning.....	7
Tafla 4.	Staða á vinnumarkaði.....	9
Tafla 5.	Auðvelt eða erfitt að ná endum saman.....	11
Tafla 6.	Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar.	11
Tafla 7.	Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári.	12
Tafla 8.	Efnislegur skortur.	12
Tafla 9.	Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á.	13
Tafla 10.	Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum.	13
Tafla 11.	Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) á síðastliðnum 12 mánuðum.	13
Tafla 12.	Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalan, námslán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim.....	14
Tafla 13.	Geta séð fyrir sjálfu sér og börnum án aðstoðar.	14
Tafla 14.	Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn.	15
Tafla 15.	Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir).....	16
Tafla 16.	Staða á húsnæðismarkaði.....	18
Tafla 17.	Gerð húsnæðis.....	19
Tafla 18.	Stærð húsnæðis.	19
Tafla 19.	Hversu vel eða illa hentar húsnæði.	20
Tafla 20.	Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár.	20
Tafla 21.	Byrði húsnæðiskostnaðar.	21
Tafla 22.	Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	22
Tafla 23.	Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	23
Tafla 24.	Skortur á efnislegum gæðum eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	24
Tafla 25.	Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.	25
Tafla 26.	Líkamlegt heilsufar.	27
Tafla 27.	Nánast dagleg neikvæð andleg veikindi.	28
Tafla 28.	Mismunun á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum tveimur árum.....	29

1 Inngangur

Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins hefur árlega lagt fyrir kannanir um stöðu launafólks á Íslandi innan aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og BSRB. Markmið kannananna er að varpa ljósi á fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði og líkamlega og andlega heilsu launafólks ásamt annarra atriða.

Í janúar 2024 var lögð fyrir könnun meðal félagsfólks innan aðildarfélaga heildarsamtakanna tveggja og voru niðurstöður hennar birtar í skýrslu í mars 2024 (sjá Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2024).

Í þessari skýrslu er greint sérstaklega frá stöðu félagsfólks í Sjúkraliðafélagi Íslands og eru niðurstöðurnar settar fram í samanburði við félagsfólk í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Aðferð könnunarinnar í heild og sérvinnslunnar er lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar. Fyrst er greint frá lýðfræðilegri samsetningu, þá er greint frá fjárhagsstöðu launafólks, stöðu á húsnæðismarkaði, heilsufari og síðast frá mismunun á íslenskum vinnumarkaði.

2 Aðferð

Notað er heildarþýðisúrtak (e. total population sampling) sem er ein af tegundum markvissra úrtaka (purposive sampling) og er skilgreint þýði félagar í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Varða hefur ekki aðgang að félagaskrám aðildarfélaganna og hafa félögin sjálf milligöngu um að virkja félagsfólks sitt til þátttöku.

2.1 Fyrirlögn

Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaga (19 félaga innan BSRB og 44 innan ASÍ) tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Formenn aðildarfélaganna fengu upplýsingatexta um könnunina á íslensku, ensku og pólsku til að senda í tölvupósti til félagsfólks og voru jafnframt hvött til að senda sms skilaboð og hafa hlekk inn á „mínum síðum“.

Könnunin var opin frá 4. janúar 2024 til 17. janúar 2024. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Svarendum gafst færi á að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku.

2.2 Svarhlutfall

Könnunin er ætluð öllu félagsfólki heildarsamtaka ASÍ og BSRB. Greiðandi félagar innan 44 aðildarfélaga ASÍ voru 143.406 í október 2023. Innan BSRB voru í janúar 2023 samtals 24.494 félagar í 19 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 167.900 einstaklingar. Könnuninni svöruðu 21.095 félagar og svarhlutfallið 12,6%. Í sérgreiningunni eru svör félagsfólks Sjúkraliðafélags Íslands sérstaklega greind. Alls eru 1.983 félagar í Sjúkraliðafélagi Íslands, 714 svöruðu og svarhlutfallið því 36%.

2.3 Vigtun gagna

Þar sem að notast er við heildarþýðisúrtak í könnuninni sem gerir Vörðu kleift að safna upplýsingum án þess að hafa aðgang að þýðisskrá eru gögnin vigtuð út frá þekktum eiginleikum þýðisins til að þau endurspegli sem best þýðið í heild sinni. Til vigtunarinnar er félagatal beggja heildarsamtakanna nýtt og út frá því vightað eftir kyni og aðildarfélögum. Við vigtunina er aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB var skipt í flokka eftir eðli þeirra starfa sem félagsmenn í viðkomandi félögum sinna.

Tafla 1. Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna

Vigtunarflokkur	Félög
ASÍ 1	AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn
ASÍ 2	Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf
ASÍ 3	Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR.
ASÍ 4	Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi, Félag tæknifólks, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja, BYGGIÐN - félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járníðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - Félag vélstjóra og málm-tæknimanna, Mjólkurfræðingafélag Íslands, LEIÐSÖGN - stéttarfélag leiðsögumanna, Flugfreyjufélag Íslands
BSRB 1	Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS - stéttarfélag í almannajónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Póstmannafélags Íslands
BSRB 2	Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins.
BSRB 3	Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Tollvarðafélag Íslands, Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag íslenskra flugumferðarstjóra
BSRB 4	Sjúkraliðafélag Íslands

Þar sem að könnunin byggir á heildarþýðisúrtaki þar sem allir aðildarfélagar eiga jafna möguleika á að taka þátt er öllum vigtunarflokkunum gefin úrtaksvogin 1. Lokavogin er svo reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í úrtaksvogina. Vigtunaraðferðina má sjá í töflu 2.

Í ljósi þess að einungis örfá aðildarfélög innan ASÍ og BSRB bjóða upp á kynskráninguna „kvár“ eða „annað“ var eingöngu hægt að vigta gögnin út frá konum og körlum. Af þeirri ástæðu var ákvörðun tekin um að flokka kvár og kynsegin fólk með konum. Þetta var gert á forsendum kynjakerfisins þar sem bæði konur, kvár og kynsegin fólk er samfélagslega undirskipað körlum en best væri ef hægt væri að vigta gögnin í samræmi við raunverulega kynupplifun.

$$\frac{\text{Úrtaksvog}}{\text{Svarhlutfall}} * 100 = \text{Lokavog}$$

Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.

Vigtunarflokkur	Fjöldi í þýði	Fjöldi svara	Svarhlutfall	Úrtaksvog	Lokavog
ASÍ 1					
Karlar	22.043	2.008	9,1%	1	10,978
Konur	17.572	2.330	13,3%	1	7,542
ASÍ 2					
Karlar	18.954	1.906	10,1%	1	9,944
Konur	16.747	2.154	12,9%	1	7,775
ASÍ 3					
Karlar	20.680	1.990	9,6%	1	10,392
Konur	25.053	2.823	11,3%	1	8,875
ASÍ 4					
Karlar	19.666	1.708	8,7%	1	11,514
Konur	2.691	314	11,7%	1	8,570
BSRB 1					
Karlar	3.770	498	13,2%	1	7,570
Konur	4.229	1.675	39,6%	1	2,525
BSRB 2					
Karlar	5.962	760	12,7%	1	7,845
Konur	6.510	1.627	25,0%	1	4,001
BSRB 3					
Karlar	1.523	347	22,8%	1	4,389
Konur	517	123	23,8%	1	4,203
BSRB 4 -Sjúkraliðar					
Karlar 40 ára og yngri	32	11	34,4%	1	2,909
Karlar 41 árs og eldri	34	8	23,5%	1	4,250
Konur 40 ára og yngri	589	166	28,2%	1	3,548
Konur 41 árs og eldri	1.328	524	39,5%	1	2,534

2.4 Mælingar

Andleg líðan: Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur nýu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson et al., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítill áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n/ð, dapur/döpur/dapurt eða vonlaus/t. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n/t þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri/sjálfu þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus/t eða óróleg/ur/t að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dái/n/ð eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt

(Agnes Agnarsdóttir et al., e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke & Spitzer, 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

Skortur á efnislegum gæðum: Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánum eða öðrum lánum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimsíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrír af ofantöldum þáttum eiga við um (Hagstofa Íslands, 2022d).

2.5 Marktæknipróf

Persons kí-kvaðrat próf (χ^2) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikiörk, * = $p < 0,05$, ** = $p < 0,01$.

3 Niðurstöður

Fjallað er um niðurstöður sérvinnslunnar í fimm köflum, þar sem staða félagsfólks í Sjúkraliðafélagi Íslands er borin saman við stöðu félagsfólks í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Í kafla 3.1. er greint frá stöðu á vinnumarkaði. Kafli 3.2 fjallar um fjárhagsstöðu sjúkraliða. Kafli 3.3. um stöðu sjúkraliða á húsnæðismarkaði. Kafli 3.4. um líkamlega og andlega heilsu og kafli 3.5 um mismunun á íslenskum vinnumarkaði. Vegna þess hve fáir karlar eru í félaginu eru ekki hægt að kyngreina niðurstöðurnar.

Tafla 3 sýnir lýðfræðilega samsetningu innan Sjúkraliðafélags Íslands í samanburði við félagsfólk í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Samsetning félagsfólks í Sjúkraliðafélaginu er frábrugðin almennri lýðfræðilegri samsetningu innan heildarsamtakanna tveggja þegar litið er til kyns, aldurs, uppruna og menntunar. Hlutfall kvenna (96,5% á móti 43,9%) og innfæddra (82,1% á móti 66,1%) er mun hærra en almennt innan aðildarféлага ASÍ og BSRB. Auk þess er hærra hlutfall sjúkraliða 41 árs og eldri (68,9% á móti 52,5%) og mun hærra hlutfall er með starfstengt nám á framhaldsskólastigi (49,1% á móti 12%).

Yfirgnæfandi meirihluti félagsfólks Sjúkraliðafélag Íslands eru konur (96,5%) en eingöngu 3,5% félagsfólks eru karlar. Flestir svarendur innan Sjúkraliðafélagsins eru á aldrinum 61 árs og eldri (26,5%), þá 51-60 ára (24,7%) og því næst 31-40 ára (19,5%) og 41-50 ára (17,7%). Lægst er hlutfall félaga í yngsta aldurshópnum 31 ára og yngri (11,6%). Þegar litið er til uppruna sést að mikill meirihluti félaga eru innfædd (82,1%) en 12,6% eru innflytjendur og 5,3% eru með erlendan bakgrunn (sjá skilgreiningu í viðauka I).

Stærstur hluti félaga Sjúkraliðafélagsins eru í sambúð eða 66,3%. Af þeim eru 28,9% með börn. 23,4% eru einhleyp og 10,4% einhleypir foreldrar. Helmingur félagsfólks er búsett á höfuðborgarsvæðinu (53,1%). Mun lægra hlutfall er búsett á Norðurlandi eystra (12,3%), Suðurlandi (10,8%), Vesturlandi (6,8%), Suðurnesjum (5,4%), Austurlandi (4,6%), Norðurlandi vestra (13,3%), Vestfjörðum (3,2%) og í Grindavík (0,2%)

Þegar litið er til menntunar sést að meirihluti sjúkraliða hafa ýmist klárar starfstengt nám á framhaldsskólastigi (49,1%) eða framhaldsskólapróf eða sveinspróf (30,2%). Mun lægra hlutfall hefur lokið grunnnámi á háskólastigi (7%), framhaldsnámi á háskólastigi (2,6%) diplómaprófi (4,7%), iðnmeistaraprófi (1,8%) og grunnskólanámi eða sambærilegu (1,8%).

Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	N	P-gildi
<i>Kyn</i>					
Konur	96,5%	43,9%	44,5%	20.967	0,000**
Karlar	3,5%	55,8%	55,2%		
Kvár	0%	0,2%	0,2%		
<i>Aldur</i>					
30 ára og yngri	11,6%	23,1%	23,0%	20.913	0,000**
31 – 40 ára	19,5%	24,4%	24,3%		
41 – 50 ára	17,7%	20,4%	20,4%		
51 – 60 ára	24,7%	17,9%	18,0%		
61 árs og eldri	26,5%	14,2%	14,4%		
<i>Uppruni</i>					
Innfæddir	82,1%	66,1%	66,3%	19.382	0,000**
Innflytjendur	12,6%	30,0%	29,8%		
Með erlendan bakgrunn	5,3%	3,9%	3,9%		
<i>Fjölskyldustaða</i>					
Í sambúð með barn/börn	28,9%	32,0%	31,9%	20.169	0,000**
Í sambúð	37,4%	31,1%	31,2%		
Einhleypir foreldrar	10,4%	10,1%	10,1%		
Einhleypir	23,4%	26,8%	26,8%		
<i>Menntun</i>					
Grunnskólanám eða sambærilegt	1,8%	18,5%	18,3%	20.285	0,000**
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi	49,1%	12,0%	12,4%		
Framhaldsskólapróf eða sveinspróf	30,2%	27,6%	27,7%		
Iðnmeistarapróf	1,8%	5,9%	5,9%		
Diplómapróf	4,7%	7,1%	7,1%		
Grunnnám á háskólastigi (BA, BSc, BEd)	7,0%	15,5%	15,4%		
Framhaldsnám á háskólastigi (MA, MSc, PhD)	2,6%	9,8%	9,7%		
Annað	2,8%	3,5%	3,5%		
<i>Búseta</i>					
Austurlandi	4,6%	5,5%	5,5%	20.800	0,000**
Höfuðborgarsvæðinu	53,1%	59,6%	59,5%		
Norðurlandi eystra	12,3%	8,2%	8,2%		
Norðurlandi vestra	3,3%	1,7%	1,8%		
Suðurlandi	10,8%	9,5%	9,5%		
Suðurnesjum	5,4%	6,7%	6,7%		
Vestfjörðum	3,2%	2,6%	2,7%		
Vesturlandi	6,8%	5,0%	5,1%		
Í Grindavík en búsett/ur annars staðar vegna aðstæðna	0,2%	0,2%	0,2%		
Erlendis	0,2%	0,4%	0,4%		
Annað	0,2%	0,5%	0,5%		

3.1 Staða á vinnumarkaði

Tafla 4 sýnir stöðu á vinnumarkaði, starfsvettvang og starfshlutfall annars vegar meðal félaga Sjúkraliðafélagsins og hins vegar félaga í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Mikill meirihluti sjúkraliða eru í launuðu starfi (81,4%) sem er þó ögn lægra en innan annarra aðildarfélaga ASÍ og BSRB (82,7%). Nokkuð hærra hlutfall sjúkraliða er í veikindaleyfi á launum (4,7% á móti 1,7%), á eftirlaunum (5,2% á móti 2,8%) og á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri (1,2% á móti 0,8%) samanborið við félagsfólk annarra stéttarfélaga en lægra hlutfall er í námi og vinnu (4,9% á móti 6,2%), sjálfstætt starfandi (0,2% á móti 2,3%) og í atvinnuleit (0,2% á móti 1,5%).

Meirihluti sjúkraliða starfar hjá ríki (60,9%) en umtalsvert lægra hlutfall starfar hjá sveitarfélögum (14,2%) og er það lítið hærra en meðal annarra stéttarfélaga (13,3%). Mun lægra hlutfall sjúkraliða samanborið við félagsfólk annarra stéttarfélaga starfa hjá einkareknum fyrirtækjum (12% á móti 66%) en ögn hærra hlutfall starfar hjá sjálfseignarstofnunum eða félagasamtökum (8,7% á móti 3,7%).

Mikill munur er á starfshlutfalli sjúkraliða samanborið við launafólk almennt. Mun lægra hlutfall sjúkraliða er í fullu starfi (33,5% á móti 77%) en mun hærra hlutfall er í 75%-99% starfshlutfalli (41,3% á móti 9,1%), 50%-74% starfshlutfalli (18,4% á móti 6,7%) og í 1%-49% starfshlutfalli (6,3% á móti 5,9%).

Tafla 4. Staða á vinnumarkaði.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	N	P-gildi
<i>Staða á vinnumarkaði</i>					
Í launuðu starfi	81,4%	82,7%	82,7%	18.165	0,000**
Í veikindaleyfi á launum	4,7%	1,7%	1,7%		
Sjálfstætt starfandi /Atvinnurekandi	0,2%	2,3%	2,2%		
Á eftirlaunum	5,2%	2,8%	2,8%		
Í námi og ekki í vinnu	0%	0,4%	0,4%		
Í námi og vinnu	4,9%	6,2%	6,1%		
Atvinnuleitandi	0,2%	1,5%	1,4%		
Á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri	1,2%	0,8%	0,8%		
Í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum	1,8%	1,5%	1,5%		
Annað	0,3%	0,3%	0,3%		
<i>Starfsvettvangur</i>					
Hjá einkareknu fyrirtæki	12,0%	66,0%	65,4%	17.178	0,000**
Hjá ríki	60,9%	9,5%	10,1%		
Hjá sveitarfélagi	14,2%	13,3%	13,3%		
Hjá opinberu hlutafélagi í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags	2,6%	3,7%	3,7%		
Hjá sjálfseignarstofnun eða félagasamtökum	8,7%	3,7%	3,8%		
Vil ekki svara	1,6%	3,7%	3,7%		
<i>Starfshlutfall</i>					
1%–49%	6,3%	5,9%	5,9%	17.173	0,000**
50%–74%	18,4%	6,7%	6,9%		
75%–99%	41,3%	9,1%	9,4%		
100%	33,5%	77,0%	76,5%		
Vil ekki svara	0,6%	1,4%	1,3%		

3.2 Fjárhagsstaða sjúkraliða

Fjárhagsstaða launafólks á vinnumarkaði var metin í könnuninni út frá ýmsum spurningum. Spurt var hversu auðvelt eða erfitt væri að ná endum saman, hvort svarendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar, hvort þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð, byggju við efnislegan skort, hvort þeir væru með yfirdrátt, smálán eða bílalán og hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri nú en fyrir ári síðan.

Í lífsskjararannsókn Hagstofu Íslands má finna mælingar á skorti á efnislegum gæðum (Hagstofa Íslands, 2022d), hversu auðvelt eða erfitt fólk á með að ná endum saman, hvort það geti mætt 180.000 kr. óvæntum útgjöldum (Hagstofa Íslands, 2022a) og einnig hvort fólk hafi fengið fjárhagsaðstoð frá sveitafélagi (Hagstofa Íslands, 2020). Þessar mælingar svipar að mörgu leyti til þeirra mælinga sem Varða notar í könnuninni.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 4,2% landsmanna við skort á efnislegum gæðum árið 2021. Staða fólks er þó breytileg eftir stöðu á húsnæðismarkaði en 2,4% þeirra sem eru í eigin húsnæði búa við skort á efnislegum gæðum en hlutfallið er 10,9% meðal þeirra sem eru í leiguhúsnæði (Hagstofa Íslands, 2022d). Eins voru árið 2021 um 24% landsmanna sem áttu erfitt með að ná endum saman en hlutfallið er mun hærra hjá einhleypum foreldrum eða 51,5% (Hagstofa Íslands, 2022a). Hlutfall þeirra sem ekki gat mætti 180.000 kr. óvæntum útgjöldum var 22,5% árið 2021, en það hlutfall var einnig mun hærra meðal einhleypra foreldra eða 41,1%.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 12,8% heimila við íþyngjandi byrði af húsnæðiskostnaði árið 2021. Það hlutfall er þó mun hærra meðal leigjenda eða 27% (Hagstofa Íslands, 2022b).

3.2.1 Ná endum saman

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt er fyrir sjúkraliða að ná endum saman í samanburði við annað launafólk innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB eru birtar í töflu 5. Taflan sýnir að staða sjúkraliða er nokkuð áþekkt stöðu félaga í öðrum stéttarfélögum innan ASÍ og BSRB. Þó er ögn lægra hlutfall sjúkraliða sem á mjög auðvelt (6,2% á móti 9,5%) og auðvelt (13,6% á móti 14,4%) með að ná endum saman. Aftur á móti á lítið hærra hlutfall sjúkraliða nokkuð auðvelt (34,4% á móti 33,5%), nokkuð erfitt (27,4% á móti 25,3%) og erfitt (10,2% á móti 9%) með að ná endum saman en ögn lægra hlutfall á mjög erfitt með það (5% á móti 5,5%).

Tafla 5. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Mjög auðvelt	6,2%	9,5%	9,5%	0,000** N = 19.060
Auðvelt	13,6%	14,4%	14,4%	
Nokkuð auðvelt	34,4%	33,5%	33,5%	
Nokkur erfitt	27,4%	25,3%	25,3%	
Erfitt	10,2%	9,0%	9,0%	
Mjög erfitt	5,0%	5,5%	5,5%	
Vil ekki svara	3,0%	2,7%	2,7%	

3.2.2 Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum

Spurt var hvort þátttakendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum í dag án þess að stofna til skuldar. Niðurstöðurnar birtar í töflu 6. Lægra hlutfall sjúkraliða en félagsfólks annarra stéttarféлага gæti mætt svo háum óvæntum útgjöldum (45,2% á móti 51,4%) og að sama skapi er hærra hlutfall sem ekki gæti mætt svo háum útgjöldum (40,6% á móti 37,4%). Sömuleiðis er ögn hærra hlutfall sjúkraliða sem vita ekki hvort þau gætu mætt svo háum óvæntum útgjöldum (10,7% á móti 9,8%).

Tafla 6. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Já	45,2%	51,4%	51,3%	0,000** N = 19.011
Nei	40,6%	37,4%	37,4%	
Veit ekki	10,7%	9,8%	9,8%	
Vil ekki svara	3,4%	1,5%	1,5%	

3.2.3 Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári

Þátttakendur voru beðnir um að svara hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri en fyrir ári og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 7. Lægra hlutfall sjúkraliða samanborið við félagsfólk annarra stéttarféлага metur fjárhagsstöðu sína mun eða nokkuð betri en fyrir ári (17,3% á móti 24,1%). Hærra hlutfall sjúkraliða metur fjárhagsstöðu sína eins og fyrir ári síðan (40,3% á móti 35,9%) og lítið hærra hlutfall metur hana nokkuð eða mun verri (39,1% á móti 38,7%).

Tafla 7. Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Mun betri	2,7%	5,9%	5,9%	0,000**
Nokkuð betri	14,6%	18,2%	18,2%	N = 19.044
Eins og fyrir ári síðan	40,3%	35,9%	35,9%	
Nokkuð verri	26,1%	25,7%	25,7%	
Mun verri	13,0%	13,0%	13,0%	
Vil ekki svara	3,4%	1,3%	1,4%	

3.2.4 Efnislegur skortur

Niðurstöður um þætti efnislegs skorts meðal sjúkraliða annarsvegar og félagsfólks í öðrum aðildarfélögum ASÍ og BSRB hins vegar eru birtar í töflu 8. Lægra hlutfall sjúkraliða er í vanskilum á leigu eða lánum (3,4% á móti 5,6%), hafa ekki efni á síma (0,6% á móti 1,2%), sjónvarpstæki (1,8% á móti 3,2%), þvottavél (2% á móti 2,8%) og bíl (6% á móti 10,8%). Aftur á móti er mjög svipað hlutfall sjúkraliða og annars launafólks sem hefur ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (22,4% á móti 22,9%), á staðgóðri máltíð annan hvern dag (7,3% á móti 7,9%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (29,8% á móti 29,4%) og hafa ekki efni og upphitun (1,2% á móti 1,4%) en munurinn er ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 8. Efnislegur skortur.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	N	p-gildi
Vanskil á leigu/lánum	3,4%	5,6%	5,6%	17.995	0,000**
Ekki árlegt frí með fjölskyldu	22,4%	22,9%	22,9%	17.995	0,671
Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag	7,3%	7,9%	7,9%	17.994	0,339
Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum	29,8%	29,4%	29,4%	17.994	0,706
Ekki efni á síma	0,6%	1,2%	1,2%	17.994	0,018*
Ekki efni á sjónvarpstæki	1,8%	3,2%	3,2%	17.996	0,001**
Ekki efni á þvottavél	2,0%	2,8%	2,8%	17.994	0,039*
Ekki efni á bíl	6,0%	10,8%	10,8%	17.995	0,000**
Ekki nægileg upphitun	1,2%	1,4%	1,4%	17.996	0,656

Í töflu 9 hafa verið teknir saman þeir nýu þættir sem sýndir eru í töflu 8 og saman mæla efnislegan skort. Þau sem ekki hafa efni á þremur þáttum sem upptaldir eru búa samkvæmt skilgreiningu við efnislegan skort og þau sem ekki hafa efni á fjórum eða fleiri þáttum við verulegan efnislegan skort. Hlutfall sjúkraliða sem ekki þurfa að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru er ögn hærra en almennt meðal launafólks (61,8% á móti 57,4%). Að sama skapi er ögn lægra hlutfall sjúkraliða sem þarf að neita sér um einn þátt (17% á móti 19,8%) en mjög svipað hlutfall þarf að neita sér um tvo þætti (11,4% á móti 11,7%). Sömuleiðis er mjög svipað hlutfall sjúkraliða

og félagsfólks annarra stéttarféлага sem býr við efnislega skort (6,4% á móti 6,3%) en ögn lægra hlutfall við verulegan efnislegan skort (3,3% á móti 4,7%).

Tafla 9. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Engin skortur	61,8%	57,4%	57,4%	0,001**
Einn þáttur	17,0%	19,8%	19,8%	N = 17.995
Tveir þættir	11,4%	11,7%	11,7%	
Efnislegu skortur	6,4%	6,3%	6,3%	
Verulegur efnislegur skortur	3,3%	4,7%	4,7%	

3.2.5 Fjárhagsaðstoð

Hlutfall þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð síðasta árið meðal sjúkraliða og launafólks í öðrum stéttarfélögum eru birtar í töflu 10. Sjúkraliðar hafa í minna mæli fengið fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags (0,5% á móti 2,9%), aðstoð frá ættingjum og vinum (14% á móti 16,5%), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (0,7% á móti 1,8%) og mataraðstoð (1,5% á móti 2%).

Tafla 10. Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	N	p-gildi
Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags	0,5%	2,9%	2,9%	18.256	0,000**
Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa	14,0%	16,5%	16,5%	18.257	0,004**
Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum	0,7%	1,8%	1,8%	18.257	0,000**
Mataraðstoð	1,5%	2,0%	2,0%	18.257	0,107

Í töflu 11 eru teknir saman þeir fjórir þættir sem sýndir eru í töflu 10. Hlutfallslega fleiri innan Sjúkraliðafélagsins samanborið við félagsfólks annarra stéttarféлага hefur ekki þurft þær tegundir aðstoðar sem spurt var um (84,9% á móti 79,9%). Að sama skapi er lægra hlutfall sjúkraliða sem hefur þurft eina tegund aðstoðar (13% á móti 17,3%) en sama hlutfall hefur þurft tvær tegundir aðstoðar (2,1% á móti 2,1%).

Tafla 11. Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) á síðastliðnum 12 mánuðum.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Enga aðstoð	84,9%	79,9%	80,0%	0,000**
Eina tegund aðstoðar	13,0%	17,3%	17,2%	N = 18.256
Tvær tegundir aðstoðar	2,1%	2,1%	2,1%	
Þrjár til fjórar tegundir aðstoðar	0%	0,7%	0,7%	

3.2.6 Yfirdráttur, smálán, bílalán og önnur skammtímalán

Tafla 12 sýnir hlutfall sjúkraliða í samanburði við annað launafólk sem er með yfirdrátt, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalán, námslán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim. Hærra hlutfall sjúkraliða er með yfirdrátt (37,8% á móti 32%), smálán/skammtímalán (19,6% á móti 15,6%), húsnæðislán (64% á móti 53,5%), bílalán (31,6% á móti 27,7%) og námslán (15% á móti 12,4%) en ögn lægra hlutfall sjúkraliða er með lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim (14,4% á móti 16,5%).

Tafla 12. Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalán, námslán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	<i>N</i>	<i>p</i> -gildi
Yfirdrátt	37,8%	32,0%	32,0%	18.586	0,000**
Smálán/skammtímalán	19,6%	15,6%	15,7%	18.586	0,000**
Húsnæðislán	64,0%	53,5%	53,6%	18.586	0,000**
Bílalán	31,6%	27,7%	27,8%	18.586	0,000**
Námslán	15,0%	12,4%	12,5%	18.586	0,001**
Lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim	14,4%	16,5%	16,4%	18.585	0,019*

3.2.7 Fjárhagslegt sjálfstæði

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir gætu séð fyrir sér og börnum sínum án aðstoðar frá maka eða öðrum og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 13 meðal fólks í sambúð með börn og sambúðarfólk. Niðurstöðurnar sýna að lægra hlutfall sjúkraliða gæti séð fyrir sér og börnum sínum án aðstoðar annarra (23,1% á móti 34,2%). Að sama skapi er meira en helmingur sjúkraliða sem gætu ekki séð fyrir sér og sínum án aðstoðar frá öðrum (56,6% á móti 45,1%).

Tafla 13. Geta séð fyrir sjálfu sér og börnum án aðstoðar.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Já	23,1%	34,2%	34,1%	0,000**
Nei	56,6%	45,1%	45,2%	<i>N</i> = 11.928
Veit ekki/ Á ekki við	15,5%	17,1%	17,1%	
Vil ekki svara	4,8%	3,6%	3,6%	

3.2.8 Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn

Svarendur sem með börn undir 18 ára á heimilinu voru beðnir um að svara hvort fjárskortur síðastliðna 12 mánuði hefði komið í veg fyrir að þeir gæti meðal annars greitt fyrir leikskólagjöld, frístund, skólamáltíðir, skipulagðar tómsundur, nauðsynlegan fatnað fyrir börnin sín og fleira. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 14.

Taflan sýnir að staða foreldra innan Sjúkraliðafélagsins er í flestum tilfellum nokkuð verri samanborið við stöðu foreldra í öðrum stéttarfélögum. Þannig er hærra hlutfall sjúkraliða ekki hafa efni á greiða fyrir frístund (10,3% á móti 6,6%), skiplagðar tómsundur (23,1% á móti 14,9%), kostnað vegna skólaferðalaga eða annarra viðburða tengdum skóla (10,5% á móti 7,1%), nauðsynlegan fatnað (17,5% á móti 14,5%) og eins næringarríkan mat og foreldrið telur barnið þurfa (21,1% á móti 14,4%). Á öðrum þáttum mældist hlutfall foreldra í Sjúkraliðafélaginu einnig ögn hærra eða svipað en ekki er tölfræðilega marktækur munur milli hópanna. Ögn hærra hlutfall sjúkraliða hafa ekki efni á að greiða fyrir afmælis-og/eða jólagjafir (17,4% á móti 16,8%), kostnað vegna félagslífs (17,6% á móti 15,4%), kostnað við að halda afmæli eða veislur vegna barns (14,4% á móti 12,9%), mat í skóla (7,3% á móti 6,7%), skólagjöld í framhaldsskóla (3,6% á móti 3,2%) og skólabækur eða annan námskostnaði (5% á móti 4,6%).

Tafla 14. *Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn.*

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	N	p-gildi
Leikskólagjöld	4,8%	4,8%	4,8%	7.693	0,945
Gjöld fyrir frístundaheimili	10,3%	6,6%	6,7%	7.693	0,000**
Skólagjöld í framhaldsskóla	3,6%	3,2%	3,2%	7.693	0,554
Skólabækur eða annan námskostnað s.s. tölvubúnað fyrir framhaldsskólanema	5,0%	4,6%	4,6%	7.693	0,596
Mat í skóla (í gegnum mataráskriftir eða á annan hátt)	7,3%	6,7%	6,7%	7.693	0,529
Kostnað vegna skipulagðra tómsunda	23,1%	14,9%	15,0%	7.693	0,000**
Kostnað vegna skólaferðalags eða annarra viðburða tengdum skóla (t.d. öskudagsbúning, sérstakt nesti eða annan búnað)	10,5%	7,1%	7,2%	7.693	0,001**
Kostnað vegna félagslífs (s.s. afmælisgjafir fyrir vini, bíoferðir eða önnur afþreying með vinum)	17,6%	15,4%	15,5%	7.693	0,134
Kostnað við að halda afmæli eða veislur vegna barns (s.s. fermingu, útskrift)	14,4%	12,9%	12,9%	7.693	0,276
Afmælis- og/eða jólagjafir	17,4%	16,8%	16,9%	7.693	0,686
Nauðsynlegan fatnað	17,6%	14,5%	14,5%	7.693	0,024*
Eins næringarríkan mat og þú telur barnið þurfa	21,1%	14,4%	14,4%	7.693	0,000**

Tafla 15 sýnir hlutfall foreldra með börn á heimili undir 18 ára aldri sem hafa ekki getað greitt fyrir einhverja þeirra 12 þátta sem spurt var um í könnuninni og greint frá í töflu 14 samantekið. Niðurstöðurnar sýna að lægra hlutfall sjúkraliða hefur getað staðið straum af öllum þeim 12 kostnaðarþáttum sem snerta börn þeirra og nefndir voru í könnuninni (51,8% á móti 62,7%). Að sama skapi er hærra hlutfall sjúkraliða sem hefur ekki haft efni á einum (13,1% á móti 9,9%), tveimur (10,9% á móti 7,8%), þremur (9,5% á móti 6,4%), fimm (2,8% á móti 2,7%) og sex eða

fleiri (8,3% á móti 6%) þáttum. Hins vegar er ögn lægra hlutfall innan Sjúkraliðafélagsins sem ekki hefur haft efni á fjórum (3,6% á móti 4,5%) þáttum.

Tafla 15. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir).

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Engan þátt	51,8%	62,7%	62,6%	0,000**
Einn þátt	13,1%	9,9%	9,9%	<i>N</i> = 7.693
Tvo þætti	10,9%	7,8%	7,8%	
Þrjú þætti	9,5%	6,4%	6,4%	
Fjóra þætti	3,6%	4,5%	4,5%	
Fimm þætti	2,8%	2,7%	2,7%	
Sex þætti eða fleiri	8,3%	6,0%	6,0%	

3.2.9 Samantekt - fjárhagsstaða sjúkraliða

Fjárhagsstaða sjúkraliða er á sumum mælikvöðum sambærileg stöðu launafólks í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB en á öðrum mælikvörðum verri.

Ögn lægra hlutfall sjúkraliða sem á mjög auðvelt (6,2% á móti 9,5%) og auðvelt (13,6% á móti 14,4%) með að ná endum saman en hærra hlutfall á nokkuð erfitt (27,4% á móti 25,3%) og erfitt (10,2% á móti 9%) með að ná endum saman. Hærra hlutfall gæti ekki mætt 80.000 kr. óvæntum útgjöldum án þess að stofna til skuldar (40,6% á móti 37,4%). Auk þess er hærra hlutfall með yfirdrátt (37,8% á móti 32%), smálán/skammtímalán (19,6% á móti 15,6%), húsnæðislán (64% á móti 53,5%), bílalán (31,6% á móti 27,7%) og námslán (15% á móti 12,4%). Talsverður munur er á fjárhagslegu sjálfstæði sjúkraliða samanborið við annað launafólk. Minna en fjórðungur sjúkraliða í sambúð gætu séð fyrir sér og börnum sínum án aðstoðar annarra (23,1% á móti 34,2%).

Nánast sama hlutfall sjúkraliða og félagsfólks annarra stéttarféлага býr við efnislega skort (6,4% og 6,3%) en ögn lægra hlutfall býr við verulegan efnislegan skort (3,3% á móti 4,7%). Að sama skapi eru hlutfallslega fleiri innan Sjúkraliðafélagsins sem ekki hafa þurft þær tegundir fjárhagsaðstoðar sem spurt var um (84,9% á móti 79,9%).

Staða foreldra innan Sjúkraliðafélagsins talsvert verri en annarra foreldra. Rétt ríflega helmingur sjúkraliða getur staðið straum af öllum þeim 12 kostnaðarþáttum sem snerta börn þeirra og nefndir voru í könnuninni (51,8% á móti 62,7%). Að sama skapi er hærra hlutfall sjúkraliða sem hefur ekki haft efni á einum (13,1% á móti 9,9%), tveimur (10,9% á móti 7,8%), þremur (9,5% á móti 6,4%), fimm (2,8% á móti 2,7%) og sex eða fleiri (8,3% á móti 6%) grunn þáttum fyrir börnin sín.

3.3 Staða sjúkraliða á húsnæðismarkaði

Hér á eftir verður staða sjúkraliða á húsnæðismarkaði borin saman við stöðu annars félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Fyrst er greint frá stöðu á húsnæðismarkaði það er hvort félagsfólk sé í eigin húsnæði, leiguhúsnæði á almennum markaði, leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigufélögum, búseturéttaríbúðum, húsnæði á vegum atvinnurekanda eða hjá foreldrum/ættingjum. Því næst er greint frá gerð og stærð húsnæðis, hversu vel húsnæði hentar fjölskyldunni, hve oft launafólk hefur flutt eða skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum og byrði af húsnæðiskostnaði.

3.3.1 Staða á húsnæðismarkaði

Tafla 16 sýnir að mikill meirihluti sjúkraliða býr í eigin húsnæði og er hlutfallið hærra en meðal félagsfólks annarra stéttarfélag (75,8% á móti 61,6%). Að sama skapi er lægra hlutfall sjúkraliða sem býr í leiguhúsnæði á almennum markaði (8,4% á móti 18,6%), hjá foreldrum/ættingjum (5,1% á móti 7%) og enginn er í leiguhúsnæði hjá atvinnurekanda (0% á móti 2,4%). Ögn hærra hlutfall býr í búsetuíbúðum hjá húsnæðissamvinnufélögum (2,2% á móti 1,8%) og sama hlutfall í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (3,2% á móti 3,2%).

Tafla 16. Staða á húsnæðismarkaði.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Eigin húsnæði	75,8%	61,6%	61,8%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	8,4%	18,6%	18,5%	<i>N</i> = 19.077
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	2,2%	1,8%	1,8%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	3,2%	3,2%	3,2%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	0%	2,4%	2,4%	
Hjá foreldrum/ættingjum	5,1%	7,0%	7,0%	
Annað	5,4%	5,3%	5,3%	

3.3.2 Gerð húsnæðis

Tafla 17 sýnir gerð húsnæðis sjúkraliða í samanburði við félagsfólk í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Niðurstöðurnar sýna að nokkuð svipaða stöðu sjúkraliða og annarra, þó með nokkrum undantekningum. Þannig er mjög svipað hlutfall sjúkraliða sem búa í íbúð í fjölbýlishúsi (46,3% á móti 46,2%), í raðhúsi eða parhúsi (17,2% á móti 16,9%) og sama hlutfall býr í aukaíbúð í einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi (4,6%). Hins vegar býr hærra hlutfall sjúkraliða í einbýlishúsi

(26,5% á móti 21,9%). Lægra hlutfall er búsett í herbergi (0,5% á móti 3,8%), bílskúr (0,4% á móti 1,1%) og atvinnu- eða verslunarhúsnæði (0,2% á móti 0,5%)

Tafla 17. Gerð húsnæðis.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Íbúð í fjölbýlishúsi	46,3%	46,2%	46,2%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	4,6%	4,6%	4,6%	N = 19.055
Raðhús/parhús	17,2%	16,9%	16,9%	
Einbýlishús	26,5%	21,9%	22,0%	
Herbergi	0,5%	3,8%	3,8%	
Bílskúr	0,4%	1,1%	1,1%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	0,2%	0,5%	0,5%	
Annars konar húsnæði	1,7%	3,0%	2,9%	
Vil ekki svara	2,7%	2,0%	2,0%	

3.3.3 Stærð húsnæðis

Tafla 18 sýnir stærð íbúðarhúsnæðis í fermetrum meðal sjúkraliða og félagsfólks í öðrum aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Lægra hlutfall sjúkraliða eru í minna en 40 fermetrar húsnæði (1,1% á móti 6,4%) sem og 40-59 fermetrar (5,9% á móti 9,4%) og 60-79 fermetrar (12,5% á móti 14,2%). Að sama skapi er hærra hlutfall sjúkraliða í 80-99 fermetra (19,2% á móti 16,8%), 100-119 fermetra (21,3% á móti 17,2%) og í 120 fermetra húsnæði eða stærra (35,4% á móti 32,3%).

Tafla 18. Stærð húsnæðis.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Minna en 40 fermetrar	1,1%	6,4%	6,4%	0,000**
40-59 fermetrar	5,9%	9,4%	9,4%	N = 19.062
60-79 fermetrar	12,5%	14,2%	14,2%	
80-99 fermetrar	19,2%	16,8%	16,8%	
100-119 fermetrar	21,3%	17,2%	17,3%	
120 fermetrar eða stærra	35,4%	32,3%	32,4%	
Vil ekki svara	4,5%	3,6%	3,6%	

3.3.4 Hentugleiki húsnæðis

Þátttakendur í könnuninni voru spurð hversu vel eða illa núverandi húsnæði hentaði þeim og fjölskyldum þeirra og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 19. Niðurstöðurnar sýna að ögn hærra hlutfall sjúkraliða samanborið við félagsfólk annarra stéttarféлага býr í húsnæði sem hentar mjög vel (45,5% á móti 41,5%). Mjög svipað hlutfall telur húsnæðið henta hvorki vel né illa en ögn lægra hlutfall sjúkraliða er í frekar (7,1% á móti 8%) eða mjög óhentugu húsnæði (2,2% á móti 2,8%).

Tafla 19. *Hversu vel eða illa hentar húsnæði.*

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Öll</i>				
Mjög vel	45,5%	41,5%	41,6%	0,009**
Frekar vel	28,0%	30,4%	30,3%	<i>N</i> = 19.068
Hvorki vel né illa	15,2%	15,5%	15,5%	
Frekar illa	7,1%	8,0%	8,0%	
Mjög illa	2,2%	2,8%	2,8%	
Vil ekki svara	2,0%	1,8%	1,8%	

3.3.5 Skipt um húsnæði

Tafla 20 sýnir hversu oft á síðastliðnum fimm árum sjúkraliðar í samanburði við annað launafólk innan aðildarféлага ASÍ og BSRB hafa skipt um húsnæði. Ríflega helmingur sjúkraliða hefur aldrei flutt á tímabilinu og er það nokkuð hærra hlutfall samanborið við félagsfólk annarra stéttarféлага (54,7% á móti 44,4%). Ögn hærra hlutfall sjúkraliða hefur flutt einu sinni (29,4% á móti 28,6%) en lægra hlutfall hefur flutt tvisvar (8,4% á móti 12,1%), þrisvar (3,9% á móti 7,5%), fjórum (1,1% á móti 3,2%), fimm (1,4% á móti 1,5%) og sex sinnum eða oftar (0% á móti 1,6%).

Tafla 20. *Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár.*

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Aldrei	54,7%	44,4%	44,5%	0,000**
Einu sinni	29,4%	28,6%	28,6%	<i>N</i> = 19.062
Tvisvar sinnum	8,4%	12,1%	12,1%	
Þrisvar sinnum	3,9%	7,5%	7,4%	
Fjórum sinnum	1,1%	3,2%	3,1%	
Fimm sinnum	1,4%	1,5%	1,5%	
Sex sinnum eða oftar	0%	1,6%	1,5%	
Vil ekki svara	1,3%	1,1%	1,1%	

3.3.6 Byrði húsnæðiskostnaðar

Í töflu 21 má sjá samanburð milli félagsfólks Sjúkraliðafélags Íslands og annars félagsfólks aðildarféлага heildarsamtakanna tveggja þegar kemur að byrði við rekstur húsnæðis, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. Lægra hlutfall sjúkraliða býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði samanborið við annað félagsfólk (27,3% á móti 32,6%) og lítið hærra hlutfall við nokkra byrði (49,5% á móti 46%). Að sama skapi býr ögn hærra hlutfall ekki við neina byrði af húsnæðiskostnaði (16,3% á móti 15,8%).

Tafla 21. Byrði húsnæðiskostnaðar.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Þung byrði	27,3%	32,6%	32,5%	0,000**
Nokkur byrði	49,5%	46,0%	46,1%	<i>N</i> = 19.039
Engin byrði	16,3%	15,8%	15,8%	
Vil ekki svara	7,0%	5,6%	5,6%	

3.3.7 Fjárhagsstaða sjúkraliða eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Í kaflanum er greint frá fjárhagsstöðu sjúkraliða eftir stöðu þeirra á húsnæðismarkaði hvoru tveggja meðal þeirra sem eru í leiguhúsnæði og einnig þeirra sem eru í eigin húsnæði.

Tafla 22 sýnir samanburð milli félagsfólks Sjúkraliðafélags Íslands og annars félagsfólks innan aðildarféлага ASÍ og BSRB hvað varðar að ná endum saman og eru niðurstöðurnar greindar eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Lægra hlutfall sjúkraliða í eigin húsnæði á mjög auðvelt með að ná endum saman (7% á móti 11,5%) en svipað hlutfall á auðvelt (16,5% á móti 15,8%) og nokkuð auðvelt með það (38,2% á móti 37,1%). Hins vegar er hærra hlutfall sjúkraliða í eigin húsnæði sem á nokkuð erfitt með að ná endum saman (25,8% á móti 22,9%) en svipað hlutfall á erfitt (7,3% á móti 7,5%) og mjög erfitt (3,7% á móti 3,8%) með að ná endum saman.

Ef litið er til bæði sjúkraliða og félagsfólks annarra stéttarféлага á leigumarkaði má sjá að lægra hlutfall sjúkraliða á mjög auðvelt (2% á móti 4,7%), auðvelt (1,2% á móti 10%) og nokkuð auðvelt (21,7% á móti 27,1%) með að ná endum saman. Á hinn bóginn eiga sjúkraliðar á leigumarkaði í meira mæli nokkuð erfitt (39,1% á móti 32,6%), erfitt (19% á móti 13,23%) og mjög erfitt (13,4% á móti 9,6%) með að ná endum saman.

Tafla 22. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Mjög auðvelt	7,0%	11,5%	11,4%	0,000**
Auðvelt	16,5%	15,8%	15,8%	<i>N</i> = 11.771
Nokkuð auðvelt	38,2%	37,1%	37,1%	
Nokkur erfitt	25,8%	22,9%	23,0%	
Erfitt	7,3%	7,5%	7,5%	
Mjög erfitt	3,7%	3,8%	3,8%	
Vil ekki svara	1,4%	1,5%	1,5%	
<i>Á leigumarkaði</i>				
Mjög auðvelt	2,0%	4,7%	4,7%	0,000**
Auðvelt	1,2%	10,0%	10,0%	<i>N</i> = 4.937
Nokkuð auðvelt	21,7%	27,1%	27,1%	
Nokkur erfitt	39,1%	32,6%	32,6%	
Erfitt	19,0%	13,2%	13,2%	
Mjög erfitt	13,4%	9,6%	9,6%	
Vil ekki svara	3,6%	2,7%	2,7%	
<i>Öll</i>				
Mjög auðvelt	6,3%	9,5%	9,4%	0,001**
Auðvelt	14,2%	14,1%	14,1%	<i>N</i> = 16.708
Nokkuð auðvelt	35,7%	34,1%	34,1%	
Nokkur erfitt	27,8%	25,8%	25,8%	
Erfitt	9,1%	9,2%	9,2%	
Mjög erfitt	5,2%	5,5%	5,5%	
Vil ekki svara	1,8%	1,9%	1,9%	

Tafla 23 sýnir samanburð milli félagsfólks Sjúkraliðafélags Íslands og annars félagsfólks heildarsamtakanna tveggja hvað varðar að geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur sjúkraliða í eigin húsnæði gæti mætt svo háum óvæntum útgjöldum án þess að stofna til skuldar sem er lægra hlutfall samanborið við félagsfólk annarra stéttarfélaga (52,5% á móti 59,9%). Sömuleiðis er hærra hlutfall sjúkraliða í eigin húsnæði sem ekki gæti mætt svo háum útgjöldum (34,5% á móti 31,5%).

Ef litið er til sjúkraliða á leigumarkaði má sjá töluvert meiri mun á stöðu þeirra samanborið við annað launafólk á leigumarkaði. Mun lægra hlutfall sjúkraliða á leigumarkaði gæti mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar (18,2% á móti 34,6%) og tæplega sjö af hverjum tíu gætu ekki mætt svo háum óvæntum útgjöldum (68,8% á móti 51,6%).

Tafla 23. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Já	52,5%	59,9%	59,8%	0,000**
Nei	34,5%	31,5%	31,5%	N = 11.740
Veit ekki	10,5%	7,6%	7,6%	
Vil ekki svara	2,5%	1,0%	1,0%	
<i>Á leigumarkaði</i>				
Já	18,2%	34,6%	34,5%	0,000**
Nei	68,8%	51,6%	51,7%	N = 4.927
Veit ekki	9,5%	12,5%	12,5%	
Vil ekki svara	3,6%	1,3%	1,3%	
<i>Öll</i>				
Já	47,2%	52,4%	52,3%	0,000**
Nei	39,7%	37,5%	37,5%	N = 16.667
Veit ekki	10,3%	9,1%	9,1%	
Vil ekki svara	2,7%	1,1%	1,1%	

Tafla 24 sýnir hlutfall þeirra sem búa við skort á efnislegum gæðum eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að hlutfall sjúkraliða í eigin húsnæði sem ekki þurfa að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru er ögn hærra en meðal annarra stéttarféлага innan ASÍ og BSRB (67,8% á móti 66,8%). Sömuleiðis er hlutfall sjúkraliða sem skortir einn (15,7% á móti 16,7%) og tvo þætti (8,5% á móti 9,7%) ögn lægra. Aftur á móti eru hlutfallslega fleiri sjúkraliðar í eigin húsnæði sem búa við skort á efnislegum gæðum (6,6% á móti 4,3%) en lítið færri sem búa við verulegan skort (1,4% á móti 2,4%).

Ef lítið er til sjúkraliða á leigumarkaði og hún borin saman við stöðu félagsfólks annarra stéttarféлага á leigumarkaði kemur í ljós að staða þeirra er verri. Lægra hlutfall þarf ekki að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru (29% á móti 35,5%). Að sama skapi hærra hlutfall sjúkraliða á leigumarkaði sem hafa þurft að neita sér um tvo þætti (29% á móti 16,3%). Hins vegar er lítið lægra hlutfall sem býr við efnislegan skort (9,5% á móti 11,5%) og verulegan skort (8,7% á móti 9,8%) en hlutfallið er mun hærra en meðal þeirra sem eru í eigin húsnæði.

Tafla 24. Skortur á efnislegum gæðum eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Engin skortur	67,8%	66,8%	66,8%	0,000**
Einn þáttur	15,7%	16,7%	16,7%	N = 11.316
Tveir þættir	8,5%	9,7%	9,7%	
Efnislegu skortur	6,6%	4,3%	4,4%	
Verulegur efnislegur skortur	1,4%	2,4%	2,4%	
<i>Á leigumarkaði</i>				
Engin skortur	29,0%	35,5%	35,4%	0,000**
Einn þáttur	23,8%	27,0%	26,9%	N = 4.650
Tveir þættir	29,0%	16,3%	16,3%	
Efnislegu skortur	9,5%	11,5%	11,5%	
Verulegur efnislegur skortur	8,7%	9,8%	9,8%	
<i>Öll</i>				
Engin skortur	62,1%	57,6%	57,7%	0,000**
Einn þáttur	16,9%	19,7%	19,7%	N = 15.966
Tveir þættir	11,5%	11,6%	11,6%	
Efnislegu skortur	7,0%	6,4%	6,4%	
Verulegur efnislegur skortur	2,5%	4,6%	4,6%	

Tafla 25 sýnir byrði húsnæðiskostnaðar sjúkraliða og annars félagsfólks aðildarféлага ASÍ og BSRB eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að hlutfall sjúkraliða í eigin húsnæði og býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði er ögn lægra (25,8% á móti 29,9%) svipað hlutfall býr við nokkra byrði (50,4% á móti 50,1%) og ögn hærra hlutfall við enga byrði af húsnæðiskostnaði (19,5% á móti 17,8%).

Ef litið er til sjúkraliða á leigumarkaði og hún borin saman við stöðu félagsfólks annarra stéttarféлага á leigumarkaði má sjá að mjög svipað hlutfall býr við þunga byrði (42,3% á móti 42,7%) en hærra hlutfall við nokkra byrði (49,4% á móti 42,3%) og lægra hlutfall við enga byrði (4,3% á móti 10%). Mun hærra hlutfall sjúkraliða í leiguhúsnæði býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði samanborið við sjúkraliða í eigin húsnæði (42,3% á móti 25,8%).

Tafla 25. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Þung byrði	25,8%	29,9%	29,9%	0,000**
Nokkur byrði	50,4%	50,1%	50,1%	<i>N</i> = 11.770
Engin byrði	19,5%	17,8%	17,9%	
Vil ekki svara	4,4%	2,2%	2,2%	
<i>Á leigumarkaði</i>				
Þung byrði	42,3%	42,7%	42,7%	0,009**
Nokkur byrði	49,4%	42,3%	42,3%	<i>N</i> = 4.929
Engin byrði	4,3%	10,0%	10,0%	
Vil ekki svara	4,0%	5,0%	5,0%	
<i>Öll</i>				
Þung byrði	28,3%	33,7%	33,7%	0,000**
Nokkur byrði	50,2%	47,8%	47,8%	<i>N</i> = 16.699
Engin byrði	17,2%	15,5%	15,5%	
Vil ekki svara	4,3%	3,0%	3,0%	

3.3.8 Samantekt - staða sjúkraliða á húsnæðismarkaði

Staða sjúkraliða á húsnæðismarkaði er almennt betri en annars félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Hærra hlutfall er í eigin húsnæði (75,8% á móti 61,6%) og lægra hlutfall í leiguhúsnæði á almennum markaði (8,4% á móti 18,6%). Sama hlutfall býr í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrífnum leigusamtökum (3,2%). Hlutfallslega flestir sjúkraliðar búa í íbúð í fjölbýlishúsi (46,3% á móti 46,2%), í raðhúsi eða parhúsi (17,2% á móti 16,9%) eða einbýlishúsi (26,5% á móti 21,9%). Mun lægra hlutfall er búsett í herbergi (0,5% á móti 3,8%), bílskúr (0,4% á móti 1,1%) eða í atvinnu- eða verslunarhúsnæði (0,2% á móti 0,5%). Auk þess er mun lægra hlutfall sjúkraliða sem búa í litlu húsnæði (undir 80 fermetrar 19,5% á móti 30%) en hærra hlutfall er búsett í 80 fermetra húsnæði eða stærra (75,9% á móti 66,3%). Húsnæðisöryggi sjúkraliða virðist almennt meira en annars launafólks þar sem lægra hlutfall hefur þurft að flytja þrisvar sinnum eða oftar á síðastliðnum fimm árum (6,4% á móti 12,2%). Auk þess er lægra hlutfall sjúkraliða sem býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (27,3% á móti 32,6%).

Þegar fjárhagsstaða sjúkraliða í eigin húsnæði er greind sést að mjög svipað hlutfall á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman (61,7% á móti 64,4%) og nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt (36,8% á móti 34,2%) og lægra hlutfall býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (25,8% á móti 29,9%). Hins vegar er hærra hlutfall sjúkraliða í eigin húsnæði sem ekki gætu mætt óvæntum 80.000 kr. óvæntum útgjöldum án þess að stofna til skuldar (34,5% á móti 31,5%) og búa við efnislegan eða verulegan efnislegan skort (8% á móti 6,7%).

Almennt er fjárhagsstaða þeirra sem eru á leigumarkaði verri en þeirra sem eru í eigin húsnæði en það hefur komið fram í rannsónum m.a. Vörðu og Hagstofunnar. Sama mynstur sést meðal sjúkraliða og raunar er fjárhagsstaða sjúkraliða á leigumarkaði verri en annars launafólks á leigumarkaði. Lægra hlutfall sjúkraliða á leigumarkaði á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman (24,9% á móti 41,8%) og að sama skapi er mun hærra hlutfall sem á nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (71,5% á móti 55,4%). Innanvið fimmtungur sjúkraliða á leigumarkaði gæti mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum (18,2% á móti 34,6%) auk þess sem tæplega fimmtungur býr við efnislegan eða verulegan efnislegan skort (18,2% á móti 21,3%). Hærra hlutfall sjúkraliða á leigumarkaði en í eigin húsnæði búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (42,3% á móti 25,8%).

3.4 Heilsufar sjúkraliða

Í kaflanum er fjallað um heilsufar sjúkraliða og eru niðurstöðurnar settar fram í samanburði við heilsu félagsfólks í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Í könnuninni voru þátttakendur spurðir um bæði líkamlega og andlega heilsu sína út frá stöðluðum sjálfsmatskvarða.

Til að meta líkamlega heilsu voru þátttakendur beðnir um að meta hana sjálfir út frá beinni spurningu um líkamlega heilsu nú um stundir. Andlega heilsan var hins vegar metin út frá PHQ-9 kvarðanum, stöðluðum spurningalista sem tekur til níu einkenna andlegrar vanlíðunar (sjá 2.4. Mælingar).

Í lífskjararannókn Hagstofu Íslands má finna upplýsingar, til ársins 2018, um sjálfmetna heilsu landsmanna, en um 77% taldi sig vera við góða heilsu það árið. Þegar upplýsingarnar eru skoðaðar með tilliti til tekjufimmtunga má hins vegar sjá að einungis um 66% þeirra í lægsta tekjufimmtunginum telja sig vera við góða heilsu á móti 86% þeirra í efsta tekjufimmtunginum (Hagstofa Íslands, 2019).

3.4.1 Líkamlegt heilsufar

Tafla 26 sýnir að lægra hlutfall sjúkraliða en félagsfólks annarra stéttarféлага metur líkamlegt heilsufar sitt mjög gott (7,4% á móti 11,1%) en ögn hærra hlutfall metur það frekar gott (41% á móti 38,1%). Nánast sama hlutfall metur líkamlega heilsu hvorki góða né slæma (33% á móti 33,4%) og svipað hlutfall metur líkamlegt heilsufar sitt frekar slæmt (15,2% á móti 14,9%) en ögn hærra hlutfall mjög slæmt (3,3% á móti 2,6%).

Tafla 26. Líkamlegt heilsufar.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Mjög gott	7,4%	11,1%	11,1%	0,000**
Frekar gott	41,0%	38,1%	38,1%	<i>N</i> = 18.367
Hvorki gott né slæmt	33,0%	33,4%	33,4%	
Frekar slæmt	15,2%	14,9%	14,9%	
Mjög slæmt	3,3%	2,6%	2,6%	

3.4.2 Andlegt heilsufar

Tafla 27 sýnir samanburð milli sjúkraliða og annars félagsfólks innan ASÍ og BSRB hvað varðar andlega heilsu. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar má að ögn lægra hlutfall sjúkraliða býr við slæma andlega heilsu (33,1% á móti 34,8%). Þó er ekki um tölfræðilega marktækan mun að ræða. Þegar litið er til hvers einkennis fyrir sig má sjá að lægra hlutfall sjúkraliða hefur nær daglega haft lítinn áhuga eða upplifað litla gleði við að gera hlutina (8,4% á móti 13%), verið niðurdregin,

döpur, eða vonlaus (6,5% á móti 10,4%), liðið illa með sjálf sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfu sér eða fjölskyldu sinni (10,8% á móti 13%), hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða, verið eirðarlaus og hreyft sig miklu meira en venjulega (4,6% á móti 5%) og hugsað að það væri betra ef þau væru dáið eða um að skaða sig (1,3% á móti 2,7%). Aftur á móti er mjög svipað hlutfall sem hefur átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina (18,3% á móti 18,6%), verið lystarlaus eða borðað of mikið (10,7%), átt í erfiðleikum með einbeitingu (10,1% á móti 11,2%) og ögn hærra hlutfall sjúkraliða hefur nær daglega verið þreytt og orkulaus (24,2% á móti 22,7%).

Tafla 27. Nánast dagleg neikvæð andleg veikindi.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	<i>N</i>	<i>p</i> -gildi
Litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina	8,4%	13,0%	12,9%	18.378	0,000**
Verið niðurdregin, döpur, vonlaus	6,5%	10,4%	10,3%	18.346	0,000**
Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina	18,3%	18,6%	18,6%	18.391	0,156
Fundið fyrir þreytu og orkuleysi	24,2%	22,7%	22,7%	18.308	0,000**
Átt við lystarleysi eða ofát	10,7%	10,7%	10,7%	18.216	0,545
Liðið illa með sjálf sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum sér eða fjölskyldu sinni	10,8%	13,0%	13,0%	18.376	0,044*
Átt í erfiðleikum með einbeitingu	10,1%	11,2%	11,2%	18.358	0,184
Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið eirðarlaus eða óróleg og hreyft sig miklu meira en venjulega	4,6%	5,0%	5,0%	18.336	0,025*
Hugsað um að það væri betra að vera dáið(n) eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt	1,3%	2,7%	2,7%	18.332	0,000**
Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)	33,1%	34,8%	34,8%	18.242	0,117

3.4.3 Heilsufar launafólks – samantekt

Varða hefur rannsakað heilsufar launafólks um fjöggra ára skeið og hafa niðurstöður þeirra rannsókna sýnt fram á skýrt mynstur. Andleg heilsa ákveðinna hópa mælist ávallt verri en annarra en það á við um konur, ungar konur, innflytjendur og einhleypra foreldra. Mikilvægt er að hafa lýðfræðilega samsetningu félagsins í huga en í Sjúkraliðafélagi Íslands er hærra hlutfall kvenna, en einnig eldri aldurshópa og innfæddra. Í því ljósi er kemur ekki á óvart að andleg heilsa sjúkraliða er mjög sambærileg við launafólk almennt þar sem lítið lægra hlutfall býr við slæma andlega heilsu (33,1% á móti 34,8%), þó ekki hafi verið um tölfræðilega marktækan mun að ræða. Lítið lægra hlutfall sjúkraliða metur líkamlegt heilsufar sitt mjög gott (7,4% á móti 11,1%) en ögn hærra hlutfall metur það frekar gott (41% á móti 38,1%). Svipað hlutfall metur líkamlegt heilsufar sitt frekar slæmt (15,2% á móti 14,9%) en ögn hærra hlutfall mjög slæmt (3,3% á móti 2,6%).

3.5 Mismunun á vinnumarkaði

Tafla 28 sýnir hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir mismunun á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum tveimur árum meðal sjúkraliða og launafólks í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall sjúkraliða hafa ekki orðið fyrir mismunun á vinnumarkaði (78,7% á móti 68,9%). Að sama skapi eru hlutfallslega færri sjúkraliðar sem hafa orðið fyrir mismunun á grundvelli aldurs (4,1% á móti 5,6%), kyns (1,6% á móti 4,3%) og uppruna (3,1% á móti 9,4%). Svipað hlutfall sjúkraliða og annars félagsfólks hefur orðið fyrir mismunun á grundvelli fötlunar eða skertrar starfsgetu (1,6% á móti 1,4%).

Tafla 28. Mismunun á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum tveimur árum.

	Sjúkraliðafélag Íslands	Önnur félög	Samtals	N	P-gildi
Já vegna aldurs	4,1%	5,6%	5,5%	18.113	0,009**
Já vegna kyns	1,6%	4,3%	4,3%	17.976	0,000**
Já vegna uppruna	3,1%	9,4%	9,4%	18.113	0,000**
Já vegna fötlunar eða skertrar starfsgetu	1,6%	1,4%	1,4%	18.112	0,483
Já af öðrum ástæðum	6,8%	8,4%	8,4%	18.113	0,014*
Nei hef ekki orðið fyrir mismunun	78,7%	68,9%	69,0%	18.112	0,000**

Heimildarskrá

- Agnes Agnarsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Jakob Smári, Jón Friðrik Sigurðson, & Pétur Tyrfingsson. (e.d.). *PHQ-9 í íslenskri þýðingu*.
- Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarsons, & Guðmundur Arnkelsson. (2018). Próffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23, 91-100.
- Hagstofa Íslands. (2019). *Fólk við góða heilsu eftir kyni og tekjufimmtungum 2004-2018*.
- Hagstofa Íslands. (2020). *Fjárhagur/Viðtakendur fjárhagsaðstoðar*.
- Hagstofa Íslands. (2022a). *Heimili í fjárhagsvandráðum eftir heimilisgerð 2004-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2022b). *Íþyngjandi húsnæðiskostnaður heimila eftir stöðu á húsnæðismarkaði 2004-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2022c). *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2022*.
- Hagstofa Íslands. (2022d). *Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð og stöðu á húsnæðismarkaði 2008-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2023). *Mesta fjölgun íbúa frá upphafi*.
- Kroenke, K., & Spitzer, R. L. (2002). The PHQ-9: A new depression diagnostic and severity measure. *Psychiatric Annals*, 32(9), 509-515.
- Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins. (2024). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal féлага í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*.

Viðauki I

Yfirlit yfir forsendur þeirrar hópaskiptingar sem notuð er í greiningum á niðurstöðum könnunarinnar.

<i>Uppruni</i>	
<i>Innfæddur</i>	Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á foreldra sem fæddir eru á Íslandi
<i>Innflytjandi</i>	Einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem fæddir eru erlendis
<i>Einstaklingur með erlendan bakgrunn</i>	<ol style="list-style-type: none">1. Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á annað foreldri sem er erlent2. Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis